

Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Hnífsdalur 5. nóvember 2019

Efni: Göngustígar í Hnífsdal

Á fundi hverfisráðs Hnífsdals þann 4. nóvember sl. var rætt um göngustíg sem verið er að leggja í Hnífsdal. Á fundinum var lögð fram tillaga að nýjum stíg sem liggur frá veginum fram í dal, frá grindarhliði niður að nýja stígnum þar sem stígurinn þverar Hnífsdalsá.

Stígurinn er um 280 metra langur, með tilkomu þessa stígar er kominn mun stærri og fjölbreyttari gönguhringir í Hnífsdal.

Stjórnin óskar eftir að þessi stígur verði settur inn á aðalskipulag og settur inn á fjárhagsáætlun.

Jafnframt fylgir hér með hugmynd að göngustígakerfi í Hnífsdal, nær allar leiðirnar eru til staðar nú þegar en einstaka staði mætti lagfæra með mjög litlum kostnaði.

Kveðja

Jóhann Birkir Helgason
Formaður Hverfisráðs Hnífsdals